

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 05. desember 2011
2011110013/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um náttúruvernd (refsingar fyrir náttúruspjöll), 63. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 15. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um náttúruvernd (refsingar fyrir náttúruspjöll), 63. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir framangreind frumvarp. Í Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands á bls. 431 í kafla 23.10.5 segir m.a. um refsingar: *Nefndin telur mikilvægt að brot sem varða refsingu séu skilgreind af kostgæfni og að refsing sé stigskipt eftir alvarleika brota. Brot sem telja má mjög alvarleg eru brot sem fela í sér náttúruspjöll á friðlýstum svæðum, eyðing tegunda og spjöll sem hafa í för með sér verulega fækkan tegundar sem og meiri háttar jarðrask og rask á jarðminjum. Nefndin telur þörf á skilvirkari viðurlagaurræðum vegna aksturs utan vega og leggur til að lögreglu verði heimilt að sekta fyrir slík brot með sama hætti og fyrir hraðakstur.*

Nefndin telur mikilvægt að mælt verði fyrir um refsiábyrgð lögaðila. Til greina kemur að mati nefndarinnar að heimilt verði að refsa vegna brota sem framin eru af gáleysi.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að herða á ákvæðum í lögum sem heimila refsingar vegna brota á lögum um náttúruvernd. Að sama skapi þurfi að skilgreina vel stigskiptingu refsinga eftir alvarleika brota. Náttúrufræðistofnun telur lágmarkssekt 250.000 kr. eða fangelsi allt að allt að fjórum árum fyrir **stórfelld spjöll** á náttúru landsins ekki vera óeðlilegt. Náttúrufræðistofnun vill að það komi fram að stofnunin hefur ekki hlutverk við að ákveða eða meta gildi refsinga en hefur frekar hlutverk við að fyrirbyggja að náttúruspjöll séu fram sbr. ráðgjafahlutverk stofnunarinnar skv. lögum. Náttúrufræðistofnun telur að vanda eigi til skilgreininga á alvarleika brota og að sama skapi auðvelda sektir vegna augljósra brota sbr. vísun í hraðaakstur hér að framan.



Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstóri



Trausti Baldursson

